

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM Safnahúsinu við Hverfisgötu 12. apríl 2023 kl. 15:30

Dagskrá:

1. *Ársskýrsla fyrir árið 2022 lögð fram*
2. *Endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 2022 lagðir fram*
3. *Starfsáætlun ársins 2023 kynnt*
4. *Kjör til stjórnar*
5. *Önnur mál*

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður, setur fundinn og býður gesti velkomna. Leggur til að Sigurður Trausti Traustason verði fundarstjóri og Hólmur Hólm fundarritari. Samþykkt af fundinum.

1. **Ársskýrsla fyrir árið 2022 lögð fram**

Formaður fer yfir starfsárið sem er að líða. Fundarstjóri ber ársskýrslu upp til samþykktar og er hún samþykkt af fundarmönnum án athugasemda.

2. **Endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 2022 lagðir fram**

Anna Friðbertsdóttir, gjaldkeri, fer yfir ársreikninga sem hafa verið yfirfarnir og undirritaðir af skoðunarmönnum. Ársreikningar eru bornir undir fundinn af fundarstjóra og samþykktir samhljóðandi.

3. **Starfsáætlun ársins 2023 kynnt**

Formaður fer yfir starfsáætlun komandi starfsárs. Einnig verði auglýst eftir umsóknum í útgáfu- og ferðasjóð á næstunni. Ábending frá fundarmönnum um að athuga með möguleika á að bregða út frá vanalegri framkvæmd Alþjóðlega safnadagsins þar sem hann ber að þessu sinni upp á uppstigningardag. Starfsáætlun samþykkt samhljóðandi af fundarmönnum.

4. **Kjör til stjórnar**

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Anna Friðbertsdóttir láta af störfum sem formaður og gjaldkeri og því er óskað eftir framboðum til formanns og gjaldkera

Eitt framboð til embættis formanns: Hólmur Hólm – samþykkt með lófataki.

Eitt framboð til embættis gjaldkera: Berglind Þorsteinsdóttir – samþykkt með lófataki.

Þá losnar einnig embætti ritara og berst eitt framboð: Ragnheiður Vignisdóttir – samþykkt með lófataki.

Loks er því kallað eftir framboðum til embætta meðstjórnenda, tveggja talsins: Hjördís Pálsdóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir gefa kost á sér – samþykkt með lófataki.

Kosningu til stjórnar lýkur.

5. Önnur mál

Þeirri ábendingu er komið á framfæri til stjórnar að skoða að kynna nýju safnaskilgreininguna enn frekar fyrir safnafólki með því að útbúa plakát (á íslensku og ensku) og dreifa því til safnanna.

Fundarmenn ræða væntanlegt allherjarþing ICOM í Dúbaí árið 2025. Kallað er eftir umræðum um málið þar sem nauðsynlegt þykir að ávarpa og bregðast við þessu. Stjórn veur athygli á því að ferlið var lýðræðislegt, þar sem kosið var um staðsetningu af ráðgjafaráði ICOM. Kaus fulltrúi stjórnar Íslandsdeildarinnar, þ.e. formaður, Stokkhólm í þeirri kosningu.

Helga Maureen Gylfadóttir, tengiliður deildarinnar við EMF (European Museum Forum) sem stendur að Evrópsku safnaverðlaununum (EMYA) veur athygli á því að frestur til að skila inn umsóknum hefur verið framlengdur.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir þakkar Önnu Friðbertsdóttur fyrir störf hennar sem gjaldkeri í þágu félagsins undanfarin fjögur ár.

Engin frekari mál.

Fundarstjóri slítur fundi 16:30.

13 félagar voru viðstaddir fundinn.